



IDAN 10 ára  
fræðslusetur

2015 - 2016

# ÁRSSKÝRSLA



# Efnisyfirlit

|                          |    |
|--------------------------|----|
| Inngangur                | 3  |
| IÐAN fræðslusetur        | 4  |
| Stjórn IÐUNNAR           | 5  |
| Helstu verkefni stjórnar | 6  |
| Markaðs- og kynningarmál | 8  |
| Viðhorfakönnun           | 9  |
| IÐAN í tölum             | 10 |
| Fyrirtækjapjónusta       | 12 |
| Fræðslustyrkir           | 13 |
| Nýjungar í fræðslustarfi | 14 |
| Símenntun                | 18 |
| Náms- og starfsráðgjöf   | 22 |
| Sveinspróf               | 24 |
| Námssamningar            | 25 |
| Vinnustaðanáamssjóður    | 26 |
| Verkefnavinna            | 27 |



## Inngangur

IDAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006 og fagnar því tíu ára starfsafmæli um þessar mundir. Tímamótanna er minnst á margvíslegan hátt og má sjá þess merki á síðasta starfsári sem og því sem nú er hafið.

Á vorönn 2016 auglýstum við sérstök afmælisnámskeið í námsvísinum sem félagsmenn gátu sótt endurgjaldslaust. IDAN bauð einnig upp á sérvalin námskeið fyrir almenning í tilefni afmælisins og mæltist sú nýjung vel fyrir. Viðamesti viðburður starfsársins var svo afmælisráðstefna IDUNNAR sem haldin var að Vatnagörðum 20, þann 4. maí 2016. Þar var vegleg dagskrá á boðstólunum, fyrirlestrar, samtal um raunfærnimat og viðurkenningar afhentar fyrir Erasmus+ nemaskiptaverkefni. Dagurinn var í senn fræðandi og skemmtilegur og sérlega ánægjulegt að sjá hversu margir fögnuðu tímamótunum með okkur.

Frá miðju árið 2015 til miðs árs 2016 var haldið 301 námskeið sem svipar mjög til síðasta starfsárs. Heildarfjöldi þátttakenda á starfsárinu var 3.208. Starfsmenn IDUNNAR eru 25.

Á starfsárinu var framkvæmd viðhorfakönnun meðal fyrirtækja sem greiða endurmenntunargjald til IDUNNAR. Niðurstöður könnunarinnar eru m.a. þær að tæplega 80% aðspurðra er jákvæður gagnvart IDUNNI og fleiri en átta af hverjum tíu eru ánægðir með þjónustu IDUNNAR. Þetta eru góðar niðurstöður og gott veganesti til næstu tíu ára.

Hildur Elín Vignir,  
framkvæmdastjóri IDUNNAR



*Aðalfundur  
IÐUNNAR var haldinn  
24. september 2015.  
Stjórnin hélt samtals  
tíu fundi á starfsárinu  
2015 – 2016.*



## IÐAN fræðslusetur

IÐAN sinnir símenntun starfsmanna í bilgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málm- og véltæknigreinum, prenttæknigreinum og matvæla- og veitingagreinum. Hlutverk IÐUNNAR er að sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem þörf krefur. Áhersla er lögð á að bregðast skjótt við þörfum iðnaðarins fyrir nýja þekkingu. Með öflugri símenntun móta einstaklingar starfsþróun sína eftir kröfum atvinnulífsins og með þeim hætti verður þekking þeirra verðmætari bæði fyrir þá sjálfa og samfélagið í heild.

IÐAN býður fyrirtækjum og einstaklingum markviss tækifæri og lausnir í símenntun. Á vegum IÐUNNAR fer fram greining á þörfum fyrirtækja fyrir þekkingu. Þjálfun og þekkingu er miðlað með hliðsjón af því sem hentar aðstæðum og þörfum hvers og eins, hvort sem um er að ræða kennslu í skólastofu, þjálfun á vinnustað eða einstaklingsbundna leiðsögn.



## Stjórn IÐUNNAR

Aðalmenn í stjórn IÐUNNAR fræðsluseturs árið 2015-2016 voru: Atli Vilhjálmsson BGS, Þórður Theodórsson SI, Eyjólfur Bjarnason SI, Finnbjörn Hermannsson Samiðn, Georg Páll Skúlason Grafía, Einar Kristinn Hauksson MFH, Hilmar Harðarson FIT/Samiðn, Jóhann R. Sigurðsson Samiðn, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir SI, Niels S. Olgeirsson Matvís

Varamenn í stjórn voru: Jóhannes Jóhannesson BGS, Jóhanna Klara Stefánsdóttir SI, Heimir Kristinsson Samiðn, Oddgeir Þór Gunnarsson Grafía, Ragnheiður Héðinsdóttir

SI, Ólafur S. Magnússon FIT/Samiðn, Þorsteinn Gunnarsson Matvís, Stefán Hrafn Hagalín SI. Varamenn og áheyrnafulltrúar í stjórn voru Guðmundur Ragnarsson VM og Þráinn Lárusson SAF.

Eignahlutar IÐUNNAR skiptast í níu hluta: Samtök iðnaðarins fara með 33%, Samiðn 14,7%, Bílgreinasambandið 10%, Grafía 10%, FIT 10%, MATVÍS 10%, Félag vélstjóra og málmþæknimanna 5,3%, Samtök ferðaþjónustunnar 5% og Meistarafélag húsasmiða 2%.



# Helstu verkefni stjórnar

Stjórn IDUNNAR fundaði samtals tíu sinnum á starfsárinu. Helstu verkefni stjórnar voru eftirfarandi:

## Fræðslustyrkir til fyrirtækja

Stjórn samþykkti reglur um fræðslustyrki til fyrirtækja sem greiða endurmenntunargjöld til IDUNNAR, þann 1. janúar 2016. Fræðslustyrkjum er ætlað að koma til móts við þarfir fyrirtækja til viðbótar við hefðbundin námskeið IDUNNAR. Að jafnaði styrkir IDAN 50% af kostnaði vegna kennslu slíkra námskeiða en styrkur til fyrirtækis getur að hámarki numið 20% af greiddum iðgjöldum og er þá miðað við síðastliðið almanaksár. Styrkir verða þó ekki hærrí en sem nemur 50% fræðslukostnaðar. Sjá nánar á [www.idan.is](http://www.idan.is)

## Ný viðmið fyrir þátttakendur í raunfærnimati

Stjórn IDUNNAR samþykkti að breyta viðmiðum fyrir þátttakendur í raunfærnimati og miða inntökuskilyrði við 23 ára aldur og þriggja ára starfsreynslu en sú breyting er í samræmi við ákvæði 12. gr. reglugerðar um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. Í löggiltum iðngreinum voru viðmiðin upphaflega sett við 25 ára lífaldur og fimm ára starfsreynslu í viðkomandi greinum. Breytingin tók gildi þann 1. september sl.

## Nýtt upplýsingakerfi fyrir IDUNA

Í áætlun IDUNNAR 2015-2016 var gert ráð fyrir endurnýjun á upplýsingakerfi IDUNNAR. Ítarleg þarfagreining var unnin og er grunnurinn í kerfinu námskeiðabanki, utanumhald námskeiða og nemenda. Í nýju kerfi munu þátttakendur hafa aðgang að námsferlum sínum, námsgögnum, rafrænum fyrirlesturum, kennsluvídeóum, upplýsingum um námskeið o.s.frv.

## Markmið IDUNNAR

Stjórn fylgdi eftir markmiðum sem sett voru fyrir IDUNA árið 2012. Hluti af því verkefni var könnun á þjónustu IDUNNAR sem fyrirtækið MASKÍNA framkvæmdi í nóvember og desember 2015, markhópurinn voru forsvarsmenn fyrirtækja sem eiga aðild að IDUNNI. Svarendur í könnuninni voru almennt jákvæðir í garð IDUNNAR eða um 80% svarenda og ekki var um marktækan mun að ræða á viðhorfum svarenda eftir greinum. Jöfn ánægja var á meðal þátttakenda á námskeiðum og eins þeirra sem sækja aðra þjónustu til IDUNNAR, til að mynda vegna námssamninga, sveinsprófa og þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Innan fyrirtækisins er starfandi verkefnahópur sem hefur það verkefni að vinna nánar úr upplýsingum og ábendingum um þætti sem betur mættu fara í þjónustu félagsins.



## Rekstur IÐUNNAR

Stjórn IÐUNNAR setti vinnu af stað til þess að fara yfir skiptireglur kostnaðar innan fyrirtækisins. Skipaður var vinnuhópur stjórnar sem hefur það verkefni að rýna rekstur IÐUNNAR s.s. tekjur, verðlagningu námskeiða, rekstur á húsnæði, stjórn og skipulag starfsmenntasviðs, skiptireglur o.s.frv. Vinnan er enn í gangi.

## VISKA

Stjórn IÐUNNAR samþykkti að taka þátt í stefnumótandi tilraunverkefni sem kallast „Yfirfærsla þekkingar og verklags á raunfærnimati erlendra starfsmanna“.

Rannsóknarþjónustan mun halda utan um verkefnið en þáttur IÐUNNAR verður umsjón með raunfærnimati.

## Upplýsingafundir stjórnar

Á starfsárinu hélt stjórn upplýsingafundi um fagháskólanám á Íslandi og kom Runólfur Smári Steinþórsson verkefnastjóri hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu á fund stjórnar og kynnti verkefnið. Elsa Eiríksdóttir kynnti einnig rannsókn sína „Nám í skóla og á vinnustað“ sem fjallar um samskipti á milli skóla og vinnustaða. Rannsókn Elsu bendir til þess að góð

samskipti aðila byggist á persónutengslum og óformlegum samskiptum. Eins að tengsl á milli skóla og atvinnulífs væru sterkari á landsbyggðinni. Stjórn IÐUNNAR fór í fyrirtækjaheimsókn til MAREL til þess að fá kynningu á LEAN straumlinustjórnunarkerfinu. Stjórn fór einnig í heimsókn austur á Hallormsstað og fékk kynningu á rekstri hótelsins. Einnig heimsótti stjórn fyrirtækin Brúnás og Austurbrú.

## Greiðslugrunnur raunfærnimats

Breyting varð á greiðslugrunni raunfærnimats fyrir árið 2015 og lækkaði upphæð sem var greidd með hverjum einstaklingi í raunfærnimati. Hámarksgreiðsla eftir breytingu varð kr. 370.000 vegna mats á bæði skóla- og vinnustaðapætti námsins. Stjórn fjallaði töluvert um þessa breytingu og mótmælti ákvörðun Fræðslusjóðs um lækun á greiðslugrunninum. IÐAN, ásamt KVASI og Starfsmennt létu vinna lögfræðiálit á framkvæmd þessarar breytinga á grunninum. Fræðslusjóðurinn féllst þó ekki á að breyta ákvörðun sinni um lækun á grunninum en bauð fræðsluaðilum að vinna upp halla við sjóðinn í stað þess að óska eftir endurgreiðslu. Stjórn ákvað að una niðurstöðunni en ítrekaði að um ágreining væri að ræða við Fræðslusjóð um verkefnið. Viðræður um endurskoðun á greiðslugrunninum fyrir árið 2016 hefjast með haustinu.



**IDAN**  
fræðslusetur  
10 ára

## Markaðs- og kynningarmál

Námsvísir IDUNNAR fræðsluseturs var gefinn út í rúmlega 14.000 eintökum á haust- og vorönn á starfsárinu. Í tilefni af 10 ára afmæli IDUNNAR var boðið upp á sérstök afmælisnámskeið félagsmönnum að kostnaðarlausu og voru þau vel sótt.

*Á síðasta starfsári var námsvísir IDUNNAR gefinn út að vori og hausti í rúmlega 14.000 eintökum.*

Vinna við kröfufýsingu fyrir nýjan vef IDUNNAR hófst í upphafi árs 2016 og er gert ráð fyrir að nýr vefur líti dagsins ljós í lok ársins. Nýr vefur mun auka til muna markaðssetningu IDUNNAR fræðsluseturs á netinu auk þess að gera IDUNNI kleift að miðla fræðslufni á mun markvissari og einfaldari hátt en áður.

Samfélagsmiðlar voru vel nýttir til að auglýsa afmælisárið og var af því tilefni efnt til nokkurra leikja á Facebook. Leikirnir höfðu það að markmiði að auglýsa IDUNA fræðslusetur og auka fjölda þeirra sem líka við Facebook síðu IDUNNAR. Facebook var einnig notað til auglýsinga fyrir bæði

námskeið og viðburði og gafst það ágætlega. IDAN er einnig til staðar á Twitter, LinkedIn og Youtube. Opnaður var Instagram aðgangur IDUNNAR á starfsárinu.

IDAN kynnti starfsemi sína með þátttöku í ýmsum viðburðum á starfsárinu. IDAN var með bás á Menntadegi atvinnulífsins sem haldinn var þann 28. janúar 2016 á Hótel Nordica og einnig á Iðnhþingi Samtaka iðnaðarins þann 10. mars sama ár. IDAN var með á Mannauðsdeginum í Hörpunni þann 9. október 2015 og settur var upp veglegur sýningarbás á Verk og vit sýningunni sem haldin var í Laugardagshöll þann 3.-6. mars 2016.





## Viðhorfakönnun

Viðhorfakönnun var framkvæmd af Maskínu dagana 20. nóvember til 15. desember 2015 og var lögð fyrir tengiliði fyrirtækja sem greiða endurmenntunargjald til IDUNNAR. Úrtakið var 790 fyrirtæki og var svörunin 63.7%.

Í viðhorfakönnuninni var m.a. spurt um þekkingu og viðhorf tengiliðanna til IDUNNAR fræðslusluseturs og kom fram að mikill meirihluti er jákvæður gagnvart IDUNNI, eða á bilinu 78-79%. Einungis 8 svarendur sögðust vera neikvæðir gagnvart fyrirtækinu.

Spurt var um hvort og hvaða þjónustu svarendur hafa nýtt sér hjá IDUNNI fræðslusetri og kom í ljós að um 63% fyrirtækjanna hafa nýtt sér þjónustu IDUNNAR. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru stærri fyrirtæki líklegri en lítil til að nýta sér þjónustuna. Af þeim sem hafa nýtt sér þjónustu IDUNNAR hafa flestir sótt námskeið en margir hafa einnig sótt um námssamning og sveinspróf.

Fleiri en átta af hverjum tíu eru ánægðir með þjónustu IDUNNAR en aðeins sex svarendur segjast óánægðir. Meðaltalið er nokkuð hærra en meðaltal Maskínu fyrir sömu spurningu meðal fjölda fyrirtækja.

Um 69% svarenda segjast hafa fengið námsvísi IDUNNAR sendan en talsvert færri hafa fengið tölvupóst með upplýsingum um námskeið. Þrír af hverjum fjórum segjast líka vel við það efni sem þeir fá sent frá IDUNNI.

**79%**

Mikill meirihluti er jákvæður gagnvart IDUNNI.

# IÐAN í tölum

## Fjöldi námskeiða

|             |  |     |
|-------------|--|-----|
| 2006        |  | 124 |
| 2007        |  | 197 |
| 2008        |  | 240 |
| 2009        |  | 221 |
| 2010        |  | 216 |
| 2011        |  | 241 |
| 2012 - 2013 |  | 268 |
| 2013 - 2014 |  | 242 |
| 2014 - 2015 |  | 318 |
| 2015 - 2016 |  | 301 |

## Fjöldi þátttakenda

|             |  |       |
|-------------|--|-------|
| 2006        |  | 1.366 |
| 2007        |  | 1.882 |
| 2008        |  | 2.191 |
| 2009        |  | 2.398 |
| 2010        |  | 2.643 |
| 2011        |  | 2.710 |
| 2012 - 2013 |  | 2.551 |
| 2013 - 2014 |  | 2.469 |
| 2014 - 2015 |  | 3.261 |
| 2015 - 2016 |  | 3.208 |

## Fjöldi sveinsprófstaka


|      |  |     |
|------|--|-----|
| 2006 |  | 485 |
| 2007 |  | 542 |
| 2008 |  | 681 |
| 2009 |  | 639 |
| 2010 |  | 611 |
| 2011 |  | 485 |
| 2012 |  | 539 |
| 2013 |  | 481 |
| 2014 |  | 439 |
| 2015 |  | 448 |

## Fjöldi námssamninga

|      |  |     |
|------|--|-----|
| 2006 |  | 551 |
| 2007 |  | 607 |
| 2008 |  | 687 |
| 2009 |  | 507 |
| 2010 |  | 475 |
| 2011 |  | 589 |
| 2012 |  | 643 |
| 2013 |  | 650 |
| 2014 |  | 675 |
| 2015 |  | 681 |

## Eigið fé

|             |  |     |
|-------------|--|-----|
| 2006        |  | 101 |
| 2007        |  | 125 |
| 2008        |  | 158 |
| 2009        |  | 211 |
| 2010        |  | 260 |
| 2011        |  | 279 |
| 2012 - 2013 |  | 324 |
| 2013 - 2014 |  | 349 |
| 2014 - 2015 |  | 442 |
| 2015 - 2016 |  | 452 |



## Metnar einingar

|                       |  |        |
|-----------------------|--|--------|
| 2007                  |  | 2.294  |
| 2008                  |  | 3.819  |
| 2009                  |  | 6.236  |
| 2010                  |  | 7.586  |
| 2011                  |  | 7.474  |
| jan - júní 2012       |  | 4.591  |
| júlí 2012 - júní 2013 |  | 6.789  |
| júlí 2013 - júní 2014 |  | 7.934  |
| júlí 2014 - júní 2015 |  | 13.301 |
| júlí 2015 - júní 2016 |  | 11.915 |

## Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati

|                       |  |     |
|-----------------------|--|-----|
| 2007                  |  | 72  |
| 2008                  |  | 143 |
| 2009                  |  | 171 |
| 2010                  |  | 227 |
| 2011                  |  | 234 |
| jan - júní 2012       |  | 148 |
| júlí 2012 - júní 2013 |  | 222 |
| júlí 2013 - júní 2014 |  | 226 |
| júlí 2014 - júní 2015 |  | 283 |
| júlí 2015 - júní 2016 |  | 211 |



# Fyrirtækjaþjónusta

Fyrirtækjaþjónusta IÐUNNAR var með öflugasta móti á liðnu starfsári. Alls voru 185 fyrirtæki heimsótt og er því heildarfjöldi heimsókna, frá árinu 2011, kominn í 571 fyrirtæki.

Markaðssetning fyrirtækjaþjónustu IÐUNNAR byggir helst á persónulegum samskiptum sviðsstjóra og náms- og starfsráðgjafa við stjórnendur fyrirtækja, en að auki er þjónustan auglýst í námsvísi og á heimasíðu IÐUNNAR. Þjónusta IÐUNNAR felst meðal annars í kynningu inni í fyrirtækjum á námsframboði hverrar annar, raunfærnimati og þarfagreiningu vegna fræðslu innan fyrirtækis, áætlanagerð í fræðslumálum og skipulagi á framkvæmd fræðslunnar. Hringt er í fyrirtæki sem greiða símenntunargjöld til IÐUNNAR og boðið upp á heimsókn sviðsstjóra og náms- og starfsráðgjafa í fyrirtækið. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og undantekningarlaust er vel tekið í slíkar heimsóknir.

Mörgum virðist koma á óvart hve mikil og fjölbreytt starfsemi er í gangi hjá IÐUNNI og ljóst að þetta er hvatning til að nýta sér það sem í boði er. Fyrirtæki sem eiga aðild að IÐUNNI njóta umtalsverðrar niðurgreiðslu af kostnaði við námskeiðahald.

Ýmist eru það stjórnendur á vinnustað eða smærri hópar starfsmanna sem sitja slíkar kynningar. Þegar um fjölmenn fyrirtæki er að ræða er oft farið í fleiri en eina heimsókn, þá í ólíka deildir eða starfsstöðvar. Í lok kynningar er einstaklingum boðið að skrá sig í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa sem margir nýta sér. Niðurstaða slíkra viðtala getur verið að fara í raunfærnimat í viðkomandi faggrein, skrá sig á námskeið til að efla færni og ýmislegt fleira.


Eins og áður kom fram voru 185 fyrirtæki heimsótt á liðnu starfsári og heildarfjöldi heimsókna er kominn í 571 eins og sjá má á meðfylgjandi töflum. Þó skal tekið fram að einhver fyrirtæki hafa verið heimsótt oftar en einu sinni. Fyrirtæki hafa í auknu mæli samband af fyrri bragði og óska eftir kynningu þegar nýr námsvísir IÐUNNAR kemur út.

*185 fyrirtæki voru heimsótt á liðnu starfsári og heildarfjöldi heimsókna er kominn í 571.*

Skipting fyrirtækjaheimsókna eftir sviðum 2015 - 2016

|                                | Fjöldi heimsókna |
|--------------------------------|------------------|
| Málm- og véltæknigreinar       | 21               |
| Matvælagreinar                 | 18               |
| Bílgreinar                     | 98               |
| Bygginga- og mannvirkjagreinar | 34               |
| Prenttæknigreinar              | 14               |

Heildarfjöldi heimsókna eftir árum





## Fræðslustyrkir

Starfsmenntasjóðir á almennum vinnumarkaði hafa sameinast um vefinn Áttin ([www.ATTIN.IS](http://www.ATTIN.IS)) þar sem fyrirtæki geta á einfaldan og fljótlegan hátt sótt um fræðslustyrki til viðeigandi sjóða fyrir sitt starfsfólk. ÍÐAN fræðslusetur er hluti af Áttinni.

Fyrirtæki sem greiða endurmenntunargjöld til ÍÐUNNAR og eru í skilum eiga rétt á að sækja fræðslustyrk vegna starfstengdra námskeiða. Styrkur ÍÐUNNAR til fyrirtækis, vegna fræðslu, getur að hámarki orðið 20% af greiddum iðgjöldum til ÍÐUNNAR á síðastliðnu almanaksári. Að jafnaði styrkir ÍÐAN 50% af kostnaði við fræðsluáðila vegna kennslu. Umsóknir fara allar í gegnum Áttina.

ÍÐAN er einnig þátttakandi í verkefninu Fræðslustjóri að láni, sem er markviss leið fyrir fyrirtæki til að koma fræðslumálum sínum í ákveðinn farveg. Verkefnið byggist á að lána út ráðgjafa til fyrirtækja sem fer yfir fræðslu- og

þjálfunarmál í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Út frá þeirri greiningu er unnin fræðslu- og símenntunaráætlun fyrir viðkomandi fyrirtæki, sem svo unnið er eftir. Óski fyrirtæki eftir að fá fræðslustjóra að láni skerðir greiðsluþátttaka í því rétt fyrirtækja til fræðslustyrkja til samræmis við þá hámarksupphæð sem fyrirtækið getur sótt um.

Nú þegar hafa nokkur fyrirtæki farið í gegnum verkefnið Fræðslustjóri að láni og enn fleiri sótt um fræðslustyrki til ÍÐUNNAR með góðum árangri.



# Nýjungar í fræðslustarfi

## Nýjungar í málm- og véltæknigreinum

*Á starfsárinu lauk verkefni sem Málm- og véltæknisvið vann fyrir ALCOA fjarðarál varðandi gerð suðuferla í áli á skautgafla og gæðaeftirlit á suðunum.*

Stöðugar umbætur eru í málmsuðu líkt og öðrum iðngreinum. Þær geta verið tæknilegs eðlis, innleiðing á nýjum stöðlum, eða meiri kröfur til fyrirtækja frá erlendum eða innlendum aðilum. Má í þessu sambandi nefna staðla og kröfur samkvæmt EN ISO 1090 um Welding Coordinator, 15614, 5817 o.fl. Málm- og véltæknisvið hefur leitað víða fanga hvað varðar þekkingu á sviði málmsuðu. Austurríska fyrirtækið FRONIUS, hin danska Migatronic, ESAB og umboðsmaður þeirra JAK ehf hafa verið okkur mjög innan handar. Hefur Gústaf Adólf Hjaltason, suðusérfræðingur málm- og véltæknisviðs, verið alltiður gestur hjá þeim. Þá hafa þau jafnframt sent sína menn hingað til ráðgjafar og fræðslu. Kennslutæki í málmsuðu eru raunar flest frá þessum aðilum.

Málm- og véltæknisvið var í samvinnu við danska fyrirtækið APplus um hæfnisvottun málmsuðumanna undir umsjón Det Norske Veritas. Inspecta keypti APplus og fluttust því okkar viðskipti til Inspecta.

Á starfsárinu lauk verkefni sem Málm- og véltæknisvið vann fyrir ALCOA fjarðarál varðandi gerð suðuferla í áli á skautgafla og gæðaeftirlit á suðunum. Tókst verkefnið mjög vel og á Gústaf Adólf Hjaltason suðusérfræðingur mikið hrós skilið fyrir sína vinnu.

Helstu nýjungar varðandi loftræstingar felast í stýringum. Haldið var námskeið í stillingum loftræsikerfa á starfsárinu.

Tíu námskeið voru haldin á Autodesk forritin á árinu og tókust þau vel og getur IÐAN boðið upp á slík námskeið hvar sem er á landinu.

Sviðið hefur staðið fyrir undirbúningsnámskeiðum fyrir sveinspróf í vélvirkjun og hafa þau verið sex á starfsárinu en takmarka varð fjölda þátttakenda við tíu á hvert námskeið.

Námskeið í iðntölvustýringum voru haldin á báðum önnum og gengu vel. Til stendur að vikka þau út og auka skjámynda þáttinn í þeim. Þá voru haldin fjögur námskeið um legur sem gengu vel. Nú er ætlunin að þróa þau áfram og bjóða aftur á næstu vorönn.

Á næstunni mun sviðið bjóða ýmis námskeið í samvinnu við fyrirtæki og verða upplýsingar um þau send í tölvupósti til þeirra sem skráðir eru á póstlista Málm- og véltæknisviðs.



## Nýjungar í bygginga- og mannvirkjagreinum

Á starfsárinu bauð bygginga- og mannvirkjasvið upp á 31 nýtt námskeið í flestum þeim greinum sem heyrja undir það. Um var að ræða fagleg og þverfagleg námskeið auk námskeiða fyrir stjórnendur. Voru flest þessara námskeiða haldin og vel sótt en nokkur féllu niður þar sem ekki reyndist vera áhugi á þeim. Sviðið hefur fjölgað verklegum handverksnámskeiðum sem tengjast byggingagreinum. Hefur aðsókn að þeim verið góð og hafa eldri félagsmenn aðildarfélaga IÐUNNAR verið duglegir við að sækja þau.

Mikil umræða og umfjöllun hefur verið um raka og myglu í húsnæði á Íslandi að undanförunu. Til að fræða fagmenn sem starfa í byggingagreinum um þessi efni hefur bygginga- og mannvirkjasvið boðið upp á 5

námskeið sem fjalla beint um þau. Það eru námskeiðin Raki og mygla í húsum 1, Raki og mygla í húsum 2, Þök, rakaástand og mygla, Frágangur rakavarnalaga og Frágangur votrýma. Á árinu bættust við tvö námskeið til viðbótar sem fjalla um þessi mál en það eru Loftun byggingahluta og verklegt námskeið um frágang rakavarnarlaga með efnum frá SIGA. Mikill áhugi er hjá iðnaðarmönnum á þessum námskeiðum og hafa þau verið vel sótt.

Á starfsárinu tók IÐAN þátt í byggingasýningunni Verk og vit þar sem kynnt var fræðslustarf IÐUNNAR fyrir fagfólki í byggingariðnaði. Sýninguna sóttu yfir 23 þúsund manns og kom mikill fjöldi gesta við á bás IÐUNNAR.

## Nýjungar í matvæla- og veitingagreinum

Matvæla- og veitingasvið bauð fjölbreytt úrval námskeiða á starfsárinu. Námskeiðin voru ýmist haldin í Hótel- og matvælasólanum eða í fyrirtækjum en hlutfall námskeiða sem haldin eru í fyrirtækjum er að aukast. Ný námskeið voru í boði á árinu s.s. námskeið um pylsugerð, eftirrætti, súkkulaði og námskeið í vínfræðum. Haustið 2015 lauk kennslu í kjötskurði fyrir 13 starfsmenn Sláturfélags Suðurlands. Kennslan fór fram á Hvolsvelli og var í skipulagt í lotum. Í byrjun nóvember hófst kennsla fyrir starfandi þernur á Center- og Icelandair hótelnunum í Reykjavík. Kennslan fór fram á ensku og skiptist í þrjár lotur. Haldin voru námskeið í ostagerð, brýnslu á hnífum, um vín, smurbrauð og ferðapjónustu fyrir leigubílstjóra. Fagnámskeið 1 og 2 voru haldin á árinu og luku samtals 16 þátttakendur því námi.





## Nýjungar í prent- og miðlunargreinum

*Pann 5. febrúar 2016 var haldinn dagur íslensks prentiðnaðar í Vatnagördum 20 í samvinnu við Samtök iðnaðarins og Grafu, stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum*

Á árinu sem er að líða var nafni sviðsins breytt í prent- og miðlunarsvið. Nýtt nafn endurspeglar breytingar á starfsumhverfi þeirra sem vinna í prent- og útgáfuiðnaði. Nú um þessar mundir vinnur talsverður fjöldi starfsfólks við annars konar miðlun en prentmiðlun. Námskeið sviðsins hafa þar að leiðandi breyst lítillega í þessa átt. Meðal annars var boðið upp á námskeið í kvikmyndaklippingum og vefsmíði. Þessi þróun mun væntanlega halda áfram í takt við þær öru tækninýjungar sem fylgja þessum starfsgreinum. Stefnit er að auknum fjölda námskeiða fyrir miðlunargreinar á komandi misserum. Talsverður fjöldi nýrra námskeiða var á árinu, þar má m.a. nefna námskeiðið Nýtt líf eftir starfslok. Þar er fjallað um undirbúning fyrir starfslok og var það haldið bæði í Reykjavík og á Akureyri við góðar undirtektir.

Pann 5. febrúar síðastliðinn var haldinn Dagur íslensks prentiðnaðar í Vatnagördum 20 öðru sinni. Talið er að þátttakendur á deginum hafi verið milli 200-300. Þar var blandað saman fræðslu og skemmtun ásamt því sem birgjar voru með aðstöðu til sýningahalds. Fullt var út úr dyrum á flesta fyrirlestra og margmenni á básum birgja.

Um árabíl hefur IÐAN fræðslusetur boðið prentfyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra þjónustu með stillingar og skjástillingar. Hefur Ólafur Brynjólfsson sinnt þessari þjónustu fyrir IÐUNA. Nýja tölvustofan hefur komið í góðar þarfir vegna aukinna námskeiða í Creative Cloud sem og annara tölvunámskeiða. Húsnæði IÐUNNAR býður upp á mikla möguleika í námskeiðahaldi fyrir nýja sem eldri hópa.





## Nýjungar í bíliðngreinum

Á haustönn 2015 voru 24 námskeið haldin á bílgreinasviði IDUNNAR fræðsluseturs og 20 á vorönn 2016. Alls sóttu 746 einstaklingar þessi námskeið og aðra viðburði sviðsins á starfsárinu. Alls voru 12 ný námskeið í boði á starfsárinu og voru viðfangsefnin fjölbreytt í meira lagi. Haldin voru ný námskeið um rafbíla, loftfrískunarkerfi, smurefni, viðgerðaráætlanir og lofthemla svo fátt eitt sé nefnt. Einnig var í fyrsta skipti boði upp á sérstakt námskeið fyrir erlenda starfsmenn á bifreiðaverkstæðum.

Sérstök áhersla var lögð á námskeið um rafbíla á starfsárinu, bæði tegundabundna umfjöllun og sértæk námskeið s.s. um tjón á rafbilum. Mæltust þau vel fyrir enda stöðug aukning á fjölda rafbíla í umferð hér á landi líkt og á heimsvísu.

Þann 25. september 2015 stóð IDAN fræðslusetur fyrir rafbíladegi IDUNNAR að Vatnagörðum 20. Á dagskrá voru örfyrirlestrar og málstofur fyrir fagfólk um raf- og blendingsbíla og orkuskipti. Auk fræðslunnar gafst gestum og gangandi kostur á að kynna sér fjölmargar tegundir rafbíla sem seldar eru hér á landi. Dagurinn heppnaðist einstaklega vel og var vel sóttur. Stefnt er að því að halda fleiri „bíladaga“ í náinni framtíð.

Venju samkvæmt sinni sviðið einnig hefðbundinni þjónustu við starfsgreinina með ráðgjöf og ýmsum vottunum og úttektum sem það hefur umsjón með.

Ólafur Stefánsson, bifvélavirki, var ráðinn nýr sviðsstjóri bílgreinasviðs á starfsárinu.

*Ólafur Stefánsson,  
bifvélavirki, var  
ráðinn nýr sviðsstjóri  
bílgreinasviðs á  
starfsárinu.*

# Símenntun

Námsvísir IÐUNNAR fræðsluseturs kemur út tvisvar á ári og er dreift til allra aðila IÐUNNAR. Upplagið er rúmlega 14.000 eintök í hvort skipti og fer stækkandi. Félagsmenn og aðrir sem áhuga hafa geta einnig skráð sig á póstlista og fengið reglulega upplýsingar um námskeið. Skráning á námskeið fer að stærstum hluta til á vefnum.

Félagsmenn eiga kost á ferðastyrk til að sækja námskeið og eru allar upplýsingar og reglur varðandi styrkveitingar birtar á vef IÐUNNAR. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að greidd hafi verið símenntunargjöld af styrkþega til IÐUNNAR. Flest námskeið IÐUNNAR eru haldin í húsnæði félagsins að Vatnagórðum 20 í Reykjavík. IÐAN heldur

fjölmörg námskeið víðsvegar um landið auk þess sem unnið er markvisst að þróun netnámskeiða og myndskeiða með það í huga að auka vægi þeirra í námskeiðsflórunni á komandi önnum.

Á starfsárinu 2015-2016 var haldið alls 301 námskeið. Fjöldi þátttakenda var samtals 3.208.

## Fjöldi þátttakenda og námskeiða IÐUNNAR haust 2015

|                                    | Haldin námskeið | Fjöldi þátttakenda | Kennslu- stundir | Heildar kennslustundir |
|------------------------------------|-----------------|--------------------|------------------|------------------------|
| <b>Bílgreinasvið</b>               | 24              | 581                | 334              | 4.223                  |
| <b>Bygginga- og mannvirkjasvið</b> | 43              | 506                | 519              | 6.359                  |
| <b>Hárið</b>                       | 1               | 9                  | 6                | 54                     |
| <b>IÐAN námskeið</b>               | 8               | 74                 | 101              | 775                    |
| <b>Matvæla- og veitingasvið</b>    | 10              | 118                | 156              | 2.611                  |
| <b>Málm- og véltækisvið</b>        | 16              | 121                | 344              | 2.284                  |
| <b>Prent- og miðlunarsvið</b>      | 19              | 223                | 114              | 1.413                  |
| <b>Samtals</b>                     | <b>121</b>      | <b>1.632</b>       | <b>1.574</b>     | <b>17.719</b>          |

Á haustönn 2015 var haldið 121 námskeið og þátttakendur voru samtals 1.632.

## Fjöldi þátttakenda og námskeiða IÐUNNAR vor 2016

|                                    | Haldin námskeið | Fjöldi þátttakenda | Kennslu- stundir | Heildar kennslustundir |
|------------------------------------|-----------------|--------------------|------------------|------------------------|
| <b>Bílgreinasvið</b>               | 20              | 165                | 298              | 2.273                  |
| <b>Bygginga- og mannvirkjasvið</b> | 75              | 762                | 784              | 8.163                  |
| <b>Hárið</b>                       | 0               | 0                  | 0                | 0                      |
| <b>IÐAN námskeið</b>               | 19              | 133                | 149              | 877                    |
| <b>Matvæla- og veitingasvið</b>    | 19              | 200                | 250              | 2.685                  |
| <b>Málm- og véltækisvið</b>        | 27              | 137                | 593              | 3.647                  |
| <b>Prent- og miðlunarsvið</b>      | 20              | 179                | 163              | 1.379                  |
| <b>Samtals</b>                     | <b>180</b>      | <b>1.576</b>       | <b>2.237</b>     | <b>19.024</b>          |

Á vorönn 2016 voru haldin 180 námskeið og þátttakendur voru samtals 1.576.



## Skipting þátttakenda eftir félagsaðild haust 2015


|                             | Félagsmenn   | Aðrir      | Félagmenn sem %<br>af heild hvers sviðs |
|-----------------------------|--------------|------------|---|
| Bílgreinasvið               | 541          | 40         | 93%                                     |
| Bygginga- og mannvirkjasvið | 326          | 180        | 64%                                     |
| Hárið                       | 9            | 0          | 100%                                    |
| IÐAN námskeið               | 51           | 23         | 69%                                     |
| Matvæla- og veitingasvið    | 64           | 54         | 54%                                     |
| Málm- og véltæknisvið       | 112          | 9          | 93%                                     |
| Prent- og miðlunarsvið      | 188          | 35         | 84%                                     |
| <b>Samtals:</b>             | <b>1.291</b> | <b>341</b> | <b>79%</b>                              |

*Þátttakendur á  
haustönn 2015 voru  
1.291 og 79% þeirra  
voru félagsmenn.*

## Skipting þátttakenda eftir félagsaðild vor 2016

|                             | Félagsmenn   | Aðrir      | Félagmenn sem %<br>af heild hvers sviðs |
|-----------------------------|--------------|------------|---|
| Bílgreinasvið               | 129          | 36         | 78%                                     |
| Bygginga- og mannvirkjasvið | 520          | 242        | 68%                                     |
| Hárið                       | 0            | 0          | 0%                                      |
| IÐAN námskeið               | 101          | 32         | 76%                                     |
| Matvæla- og veitingasvið    | 173          | 27         | 87%                                     |
| Málm- og véltæknisvið       | 89           | 48         | 65%                                     |
| Prent- og miðlunarsvið      | 167          | 12         | 93%                                     |
| <b>Samtals:</b>             | <b>1.179</b> | <b>397</b> | <b>75%</b>                              |

*Þátttakendur á  
vorönn 2016 voru  
1.179 og 75% þeirra  
voru félagsmenn.*



IÐAN 10 ára  
fræðslusetur

# ***Þegar framtíð skal byggja***

Í tilefni af 10 ára afmæli IÐUNNAR fræðsluseturs bauð IÐAN til veglegrar afmælisráðstefnu þann 4. maí 2016 í húsnæði IÐUNNAR að Vatnagörðum 20.

Dagskrá ráðstefnunnar samanstóð af fyrirlestrum, samtali um raunfærnimat og pallborðsumræðum um símenntun í iðnaði. Þá voru afhentar viðurkenningar fyrir Erasmus+ nemaskiptaverkefni.



# Viðurkenningar fyrir Erasmus+ nemaskiptaverkefni

B&L Réttinga- og málningarverkstaði

Bilabúð Benna

Brimborg

Fiskfélagið - Fish Company

Fiskmarkaðurinn - Fish Market

Fjölbautaakólinn í Breiðholti

Friða

GB Tjónaviðgerðir

Grillid á Hótel Sögu

Grillmarkaðurinn

Hár & Dekur Hargreiðustofa

Hekla

Hilton Reykjavík Nordica - Vox

KH veitingar

Icelandair hótel - Reykjavík Natura

Jens


Jói Pjetursson

Kol Restaurant




# Náms- og starfsráðgjöf


Mynd 1. Fjöldi einstaklinga í raunfærnimat.



Mynd 2. Fjöldi staðinna eininga.



Mynd 3. Heildarfjöldi ráðgjafaviðtala.



Starfsfólki í iðn- og verkgreinum býðst náms- og starfsráðgjöf hjá IÐUNNI til að skoða þá möguleika sem eru í námi og starfsþróun. Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að auknum árangri í námi og starfi og er ráðgjöfin gjaldfrjál.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir samning við IÐUNA ár hvert en í honum felst að bjóða fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR eru fimm og hafa þeir sinnt náms- og starfsráðgjöfinni en að auki tekið þátt í verkefni Fræðslustjóri að láni, farið í fyrirtækjaheimsóknir og haldið utan um mat á erlendra starfsmenntun.

## Árangur í starfi

Raunfærnimat er góður kostur fyrir fólk sem hefur reynslu úr atvinnulífinu en stutta formlega skólagöngu. Með því að fara í raunfærnimat gefst einstaklingum tækifæri til að sýna fram á reynslu og færni í starfi. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eftir sjálfstraust þeirra ásamt því að stytta mögulega nám til sveinsprófs eða starfsréttinda. Raunfærnimat hefur náð að vinna sér sess í samfélaginu og í lok starfsársins ákvað stjórn IÐUNNAR fræðsluseturs að breyta inntökuskilyrðum í matið. Nú eru inntökuskilyrðin þau að einstaklingur þarf að vera 23 ára eða eldri

og hafa a.m.k. þrjú ára starfsreynslu úr viðkomandi grein. Áður voru inntökuskilyrðin 25 ára aldur og fimm ára starfsreynsla úr greininni.

Á starfsárinu var veruleg aukning á notkun SKYPE forritsins í matssamtölum í raunfærnimatinu og hefur það reynst góð leið til að koma til móts við þátttakendur á landsbyggðinni. Ekki hefur þó verið hægt að nota það í öllum greinum því aðferðir við matið eru mismunandi.

Á starfsárinu (júlí 2015 - júní 2016) var unnið raunfærnimat í 21 grein þar af einni nýrri; prentun. Alls fóru 211 einstaklingar í raunfærnimat (mynd 1) og fjöldi staðinna eininga á árinu var 11.915 (mynd 2). Ánægjulegt er að segja frá því að metnar hafa verið ríflega 70.000 einingar hjá IÐUNNI síðan 2007 en það samsvarar 3.500 önnur í fullu námi. Heildarfjöldi viðtala á starfsárinu var 2.826 (mynd 3).

IÐAN reynir eftir fremsta megni að fylgja þeim eftir sem taka þátt í raunfærnimatinu. Fjöldi einstaklinga sem lokið hafa námi eftir raunfærnimat er 583 eða rúmlega 30% allra þeirra sem tekið hafa þátt í því frá byrjun. Þar sem erfitt er að hafa yfirsýn yfir aðrar greinar en löggiltar iðngreinar gæti



útskrifaður hópur þó verið stærri. Margir eru enn í námi en því miður stækkar hópurinn sem fer ekki í nám eða hættir í námi. Námsframboð hentar þátttakendum í raunfærnimati misjafnlega vel en margir sækja þó í dreifnám þar sem slíkt er í boði.

Gott samstarf er við símenntunarmiðstöðvar landsins og er reynt að bjóða raunfærnimat víðsvegar um landið eftir því sem kostur er. Að þessu sinni voru unnin raunfærnimatsverkefni í samvinnu við flestar símenntunarmiðstöðvar á landinu.

Netkönnun er send til þátttakenda raunfærnimats ár hvert og leitað eftir viðhorfum þeirra til raunfærnimatsins og námi að því loknu. Niðurstöður síðasta starfsárs eru með líkum hætti og fyrri ár þar sem almenn ánægja er með raunfærnimatið, ráðgjöfina og ferlið í heild sinni. Helstu hindranir til þess að ljúka námi eru enn tímaskortur og kostnaður en það skýrist að mörgu leyti af því að margar iðngreinar eru einungis kenndar í dagskóla. Flestir sem fara í

gegnum raunfærnimatið eru í starfi og því hentar dagskóli ekki eins vel fyrir hópinn. Kostnaður er einnig hindrun fyrir marga, hvort tveggja skólagjöld (þá sérstaklega í kvöldskóla) og efniskostnaður sem borga þarf í iðnnámi.

Fyrirtækjaþjónustan hefur skapað sér ákveðinn sess hjá IÐUNNI. Í henni felst að náms- og starfsráðgjafi og sviðstjóri heimsækja fyrirtæki. Í heimsókninni er farið yfir námsframboð IÐUNNAR, boðið upp á sérsniðin námskeið, raunfærnimat kynnt og boðið upp á einstaklingsviðtöl fyrir starfsfólk. Á síðasta starfsári voru 184 fyrirtæki heimsótt víðsvegar um landið. Hafa heimsóknirnar borið mikinn árangur þar sem margir einstaklingar hafa til dæmis sótt námskeið og farið í raunfærnimat í kjölfarið.

Með minnkandi atvinnuleysi hefur ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur breyst nokkuð miðað við síðustu starfsár og ekki er lengur gerður samningur við Vinnumálastofnun um reglubundin viðtöl við atvinnuleitendur. Hins

vegar leita atvinnuleitendur í hópi félagsmanna IÐUNNAR gjarnan eftir ráðgjöf og aðstoð meðan á atvinnuleit stendur.

Síðustu ár hafa verið haldnar suðusmiðjur og námskeið fyrir atvinnuleitendur í ýmsum suðutegundum. Að þessu sinni var boðið upp á suðunámskeið fyrir konur og voru haldin tvö slík í TIG suðu. Markmiðið var að kenna TIG-suðutækni sem beitt er í finsuðu og gera konum kleift að auka starfsmöguleika sína á þessu sviði. Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt.

Einnig voru haldin þrjú námskeið fyrir atvinnuleitendur þar sem markmiðið er að þátttakendur auki virkni sína og möguleika í atvinnuleit. Lögð er áhersla á gerð ferilskráar, markvisst kynningarbréf og farið yfir mikilvæga þætti í atvinnuviðtali. Einnig er unnið í að efla færni og virkni þátttakenda í að nýta vefsíður og smáforrit í atvinnuleit.

# Sveinspróf

ÍÐAN rekur umfangsmikla þjónustu við nemendur í verknámi. Fyrirtækið sér um gerð námssamninga og heldur utan um skrár yfir nemendur í vinnustaðanámi fyrir um 30 löggiltar iðngreinar. Jafnframt veitir ÍÐAN sveinsprófsnefndum þessara löggiltu iðngreina þjónustu með skráningu nemenda í sveinspróf, við undirbúning prófa og aðstoð við gerð verklagsreglna um framkvæmd prófa. ÍÐAN aðstoðar nemaleyfisnefndir við störf þeirra við mat á fyrirtækjum sem sækja um heimild til þess að taka nema á námssamning.

ÍÐAN hefur umsjón með sveinsprófum í 28 löggiltum iðngreinum. Á tímabilinu frá 1. júlí 2015 til 30. júní 2016 stóðust samtals 448 nemar sveinspróf í þeim iðngreinum sem ÍÐAN þjónar.

ÍÐAN hefur staðið fyrir kynningum á gæðahandbók fyrir sveinsprófsnefndir. Tilgangurinn með handbókinni er að lýsa hlutverki og tilgangi nefndanna, ásamt því að lýsa verklagi með það að leiðarljósi að auka gæði og gagnsæi við framkvæmd prófanna.

Alls starfa á fjórða tug nefnda í þeim löggiltu iðngreinum sem ÍÐAN þjónar með á annað hundrað nefndarmenn.

| Iðngrein                | 2012 2013 2014 2015 |            |            |            |            |            |            |            |
|-------------------------|---------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
|                         | 2008                | 2009       | 2010       | 2011       | -2013      | -2014      | -2015      | -2016      |
| Almenn ljósmyndun       | 7                   | 9          | 3          | 6          | 8          | 3          | 4          | 5          |
| Bakaraiðn               | 3                   | 9          | 7          | 4          | 5          | 8          | 7          | 8          |
| Bifreiðasmíði           | 5                   | 7          | 9          | 10         | 4          | 3          | 3          | 2          |
| Bifvélavirkjun          | 32                  | 31         | 35         | 27         | 41         | 47         | 41         | 40         |
| Bílamálun               | 5                   | 10         | 7          | 9          | 5          | 10         | 5          | 8          |
| Blikksmíði              | 8                   | 8          | 4          | 1          | 1          | 5          | 8          | 4          |
| Bókkband                |                     | 1          |            | 3          |            |            |            | 3          |
| Framreiðsluiðn          | 11                  | 15         | 7          | 12         | 13         | 20         | 25         | 21         |
| Gull- og silfursmíði    |                     | 6          | 5          | 3          | 6          | 7          | 7          | 3          |
| Hársnyrtiðn             | 71                  | 47         | 74         | 49         | 42         | 19         | 22         | 28         |
| Húsasmíði               | 253                 | 199        | 170        | 92         | 78         | 61         | 80         | 92         |
| Húsgagnabólstrun        |                     |            |            |            |            |            | 1          |            |
| Húsgagnasmíði           | 6                   | 2          | 2          | 3          | 7          | 4          | 7          | 6          |
| Kjólasmur               | 12                  | 8          | 11         | 6          | 10         | 9          | 9          | 8          |
| Kjötiðn                 | 3                   | 4          | 2          | 4          | 3          | 2          | 3          | 9          |
| Kjötskurður             |                     |            |            |            |            | 1          |            |            |
| Klæðskurður             | 7                   | 4          |            | 6          |            | 5          | 12         | 8          |
| Konditor                |                     |            |            |            |            |            |            |            |
| Matreiðsla              | 45                  | 32         | 39         | 27         | 41         | 31         | 38         | 37         |
| Málaraiðn               | 21                  | 35         | 25         | 23         | 20         | 15         | 4          | 18         |
| Málsuða                 |                     |            |            |            | 12         | 7          | 5          | 15         |
| Múraraíðn               | 11                  | 10         | 12         | 10         | 8          | 4          | 9          | 5          |
| Netagerð                |                     | 2          |            |            | 1          | 2          | 2          | 4          |
| Pípulagnir              | 57                  | 49         | 39         | 37         | 22         | 20         | 16         | 10         |
| Prentsm./grafísk miðlun | 8                   | 9          | 1          | 8          | 8          | 11         | 8          | 7          |
| Prentun                 | 3                   | 7          |            |            | 4          |            | 2          | 1          |
| Rennismíði              |                     | 10         | 5          | 6          | 3          | 4          | 10         | 6          |
| Skipa og bátasmíði      |                     |            |            |            |            |            |            |            |
| Skósmíðaiðn             | 1                   |            |            |            | 1          |            |            |            |
| Snyrtifræði             | 51                  | 36         | 49         | 36         | 35         | 37         | 51         | 37         |
| Stálsmíði               | 8                   | 6          |            | 5          | 15         | 4          | 5          | 5          |
| Steinsmíði              |                     |            |            |            | 1          |            |            |            |
| Söðlasmíði              |                     |            | 1          |            |            |            |            |            |
| Úrsmíði                 |                     |            | 1          |            |            |            |            |            |
| Veggfóðrun              | 3                   | 4          | 2          | 1          |            | 1          | 1          |            |
| Vélvirkjun              | 50                  | 79         | 90         | 97         | 61         | 34         | 83         | 73         |
| <b>Samtals</b>          | <b>681</b>          | <b>639</b> | <b>600</b> | <b>485</b> | <b>443</b> | <b>367</b> | <b>463</b> | <b>448</b> |



# Náms- samningar

Þjónusta IÐUNNAR fræðsluseturs felst í því að taka á móti umsóknum um gerð námssamninga, meta fylgigögn og áætla námslok nema. Samningsaðilar fá námssamninga senda. Þegar nemi og meistari hafa skrifað undir samninginn og hann verið samþykktur af skólanum er hann staðfestur af IÐUNNI fræðslusetri.

Í töflunni hér til hliðar er yfirlit yfir fjölda námssamninga sem staðfestir hafa verið árin 2009 - 2016.

Töluverð brögð eru að því að umsóknir um námssamninga verði aldrei að staðfestum námssamningum. Kemur þar margt til, t.d. að fullnægjandi gögn berast ekki með umsókn, nemi hættir í námi eða námssamningur kemur ekki til staðfestingar þó hann hafi verið sendur til nema og meistara.

| Iðngrein                    | 2008       | 2009       | 2010       | 2011       | 2012       | 2013       | 2014       | 2015       |
|-----------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
|                             |            |            |            |            | -2013      | -2014      | -2015      | -2016      |
| Almenn ljósmyndun           | 8          | 5          | 1          | 9          | 8          | 7          | 3          | 4          |
| Bakaraíðn                   | 9          | 4          | 7          | 16         | 12         | 14         | 13         | 9          |
| Bifreiðasmíði               | 7          | 6          | 12         | 3          | 5          | 5          | 3          | 3          |
| Bifvélavirkjun              | 48         | 19         | 29         | 29         | 45         | 52         | 39         | 48         |
| Bílamálun                   | 8          | 5          | 6          | 7          | 6          | 9          | 5          | 9          |
| Blikksmíði                  | 8          | 3          | 3          | 1          | 6          | 8          | 4          | 18         |
| Bókasafns- og upplýsingat.  | 3          |            |            |            |            |            |            |            |
| Bókband                     | 3          | 1          |            | 1          |            |            | 3          |            |
| Framreiðsluiðn              | 13         | 20         | 24         | 40         | 52         | 36         | 47         | 45         |
| Gull- og silfursmíði        | 3          | 1          | 5          | 4          | 12         | 3          | 3          | 5          |
| Hársnyrtiðn                 | 74         | 68         | 64         | 57         | 34         | 47         | 44         | 51         |
| Húsasmíði                   | 169        | 95         | 77         | 79         | 79         | 80         | 97         | 96         |
| Húsgagnabólstrun            |            |            |            | 1          | 1          |            | 2          |            |
| Húsgagnasmíði               | 7          | 1          | 1          | 1          | 7          | 7          | 5          | 11         |
| Kjólasmur                   | 9          | 7          | 8          | 9          | 9          | 13         | 8          | 12         |
| Kjötiðn                     | 9          | 3          | 8          | 11         | 22         | 14         | 13         | 7          |
| Kjötskurður                 |            |            |            |            |            |            |            | 5          |
| Klæðskurður                 | 7          | 4          |            | 8          | 6          | 1          | 9          | 2          |
| Konditor                    |            |            |            | 1          |            |            |            |            |
| Matreiðsla                  | 83         | 64         | 62         | 107        | 140        | 134        | 112        | 147        |
| Málaraiðn                   | 28         | 11         | 8          | 23         | 7          | 17         | 14         | 15         |
| Mjólkuriðn                  | 3          | 6          | 2          | 7          |            |            | 1          |            |
| Múraraíðn                   | 17         | 8          | 12         | 9          | 5          | 5          | 19         | 9          |
| Netagerð                    |            |            |            | 2          | 1          | 5          | 3          | 5          |
| Pípulagnir                  | 33         | 28         | 22         | 29         | 15         | 28         | 23         | 28         |
| Prentsmíð og grafísk miðlun | 7          | 3          | 4          | 11         | 5          | 12         | 8          | 9          |
| Prentun                     | 3          | 3          |            |            | 2          | 1          | 3          | 1          |
| Rennismíði                  | 7          | 14         | 4          | 3          | 7          | 6          | 15         | 6          |
| Skipa- og bátasmíði         |            |            | 1          |            |            |            |            |            |
| Skósmíði                    |            |            |            | 1          |            | 1          | 1          | 1          |
| Snyrtifræði                 | 49         | 38         | 43         | 43         | 52         | 44         | 47         | 41         |
| Stálsmíði                   | 8          | 9          | 4          | 10         | 17         | 9          | 12         | 8          |
| Steinsmíði                  |            |            |            |            | 1          |            |            |            |
| Söðlasmíði                  | 2          |            |            |            |            |            |            |            |
| Úrsmíði                     |            |            |            |            | 1          | 1          |            |            |
| Veggfóðrun og dúkl.         |            | 1          |            | 1          |            | 1          | 1          | 1          |
| Vélvirkjun                  | 62         | 80         | 73         | 66         | 85         | 84         | 112        | 85         |
| <b>Samtals</b>              | <b>687</b> | <b>507</b> | <b>485</b> | <b>589</b> | <b>642</b> | <b>645</b> | <b>669</b> | <b>681</b> |



# Vinnustaðanámssjóður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutaði í fyrsta sinn úr Vinnustaðanámssjóði til fyrirtækja sem voru með nema á námssamningi haustið 2011.

**Hlutverk IDUNNAR er að staðfesta að vinnustaðurinn uppfylli skilyrði um nemaleyfi, að fyrir liggi staðfesting þess að neminn sé á námssamningi og í vinnustaðanámi.**

Markmiðið með styrkjunum er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að hefja og/eða ljúka því. Rétt til að sækja um styrk eiga fyrirtæki eða stofnanir sem bjóða vinnustaðanám sem fer fram samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla og hafa á að skipa hæfum tilsjónaraðila sem ber ábyrgð á námi nemanda á vinnustað. Umsækjendur skulu uppfylla almenn skilyrði gildandi reglugerðar um námssamninga og starfsþjálfun hvað varðar hæfi til að annast nemendur í starfsnámi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Rannís að halda utan um umsóknarferlið og auglýsa styrkina haustið 2013. Upphaflega var úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári, en frá og með 1. janúar 2014 var styrkurinn auglýstur fjórum sinnum á

ári. Haustið 2015 fengu 95 fyrirtæki styrki fyrir 395 nema. Vorið 2016 voru gerðar breytingar á verklagsreglum sjóðsins og hefur verið leitast við að einfalda umsóknar- og styrkferlið fyrir fyrirtæki. Sökum þessara breytinga þá voru ekki auglýstir styrkir vorið 2016 en í nóvember nk. verður hægt að sækja um styrki fyrir allt árið 2016.

Hlutverk IDUNNAR er að staðfesta að vinnustaðurinn uppfylli skilyrði um nemaleyfi, að fyrir liggi staðfesting þess að neminn sé á námssamningi og í vinnustaðanámi. Að lokinni greiningu á umsóknum eru upplýsingar sendar til Rannís sem svarar umsækjendum. IDAN annast síðan útborgun styrkja í umboði Rannís samkvæmt úthlutunarreglum. Að lokinni úthlutun sendir IDAN yfirlit um afgreiðslu styrkja.

# Verkefnavinna



## European Quality Assurance in Mobility (EQMOB)

Verkefnið hófst í desember 2014 og er styrkt af Erasmus+. Verið er að próa viðurkenningarferli fyrir fyrirtæki sem taka á móti og/eða senda iðnnema í

starfsþjálfun. Í lok ársins 2015 tók 221 fyrirtæki í Evrópu, þ.m.t. Ísland þátt í könnun um nemaskipti í Evrópu og kom þar í ljós að um 70% fyrirtækjanna töldu að þátttaka í nemaskiptum bæti mynd fyrirtækisins. Áberandi er, að um 80% fyrirtækjanna á Íslandi töldu einnig að þetta væri samfélagsskylda. Önnur lönd sýndu samfélagsskyldu mun minni áhuga. Annað sem kom fram var að fyrirtæki telja sig ekki vita nægilega mikið um þennan möguleika. Sumum fyrirtækjum finnst þetta of mikið „vesen“. Flestir töluðu um að ef þeir fengju sérstaka viðurkenningu sem hægt væri að auglýsa myndi það bæta mynd fyrirtækisins.

## Vinnustaðanam á Norðurlöndum

*(Lärande på arbetsplatsprojektet (LPA-projektet))*

Í nóvember 2015 lauk LPA verkefninu eins og það var kallað. Fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum og sjálfstjórnarsvæðunum hittust reglulega og báru saman bækur sínar um starfsþjálfun á vinnustað sem hluti að tvískiptu námskerfi iðn- og starfs-

náms. Umfangsmikil skýrsla er komin út þar sem gerð er grein fyrir viðfangefninu. Verkefnið er hluti af stærra verkefni sem kallast Sjálfbær



**norden**

Norræna ráðherranefndin

norræn velferð. <http://www.norden.org/en/theme/former-themes/themes-2015/haallbar-nordisk-vaelfaerd>. Haldin var lokaráðstefna í Stokkhólmi 3. desember þar sem Íslendingar fjölmenntu. Elsa Eiríksdóttir lektor við Háskóla Íslands hélt opunar erindi á ráðstefnunni og Helen Gray frá IDUNNI fræðslusetri hélt málstofu.

## Erasmus+ menntaáætlun ESB

Tvö verkefni eru í gangi að þessu sinni ICELANDIC APPRENTICES IN EUROPE II og III. Á þessu tímabili hafa um 30 iðnnemar og nýsveinar farið til sex landa: Þýskalands, Danmerkur, Finnlands, Noregs, Bretlands og Frakklands í eftirtöldum greinum: matreiðslu, húsgagnasmíði, bílamálun, bifvélavirkjun snyrtifræði, bakstri, úrasmíði og gull- og



silfursmíði. Á sama tíma tók IDAN á móti 35 evrópskum iðnnemum frá Þýskalandi, Frakklandi,

Belgíu, Norður Írlandi, Bretlandi og Finnlandi í gull- og silfursmíði, matreiðslu, bakstri, framreiðslu, bílamálun, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, prentun og vélvirkjun. Allir þátttakendur lýstu ánægju sinni með verkefnið. Nemarnir nefndu sérstaklega eftirfarandi atriði: Mikil ánægja með hvað þau fengu að gera mikið, góður vinnuandi, frábær aðbúnaður, góð leiðsögn. Fulltrúar fyrirtækjanna lýstu ánægju sinni með hvað iðnnemarnir væru vel undirbúnir, þægilegir í umgengni, kurteisir og vinnusamir. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á <http://idan.is/styrkir-til-vinnustadanams-idan>

## Gæðaviðurkenning Erasmus+

IDAN fræðslusetur hlaut gæðaviðurkenningu menntaáætlunar Evrópusambandsins við hátíðlega athöfn í Ásmundarsal þann 10. desember 2015. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra veitti viðurkenninguna.

*„Þau standa samt á eigin fótum, eru í ókunnugu landi þar sem er annað tungumál og önnur menning að takast á við. Það hefur gengið alveg ótrúlega vel og þegar þau koma til baka hafa þau eitthvað nýtt í fartaskinu,“ segir Helen. „Þau koma ríkari til baka en sjá líka hvað við erum að gera mikið af góðum hlutum hér heima og hvað þau standa sterkt faglega. Þau koma einnig með nýja þekkingu inn í þau fyrirtæki sem þau vinna hjá hér heima svo þetta er algjört „win-win.“*

## Erasmus+ VET Mobility Charter (vottun)

IDAN hlaut vottun vegna náms- og þjálfunarverkefna í starfsmenntahluta Erasmus+ menntaáætlunar ESB. Vottunin tryggir einfaldara umsóknarferli um styrki. Með útgáfu vottunarinnar viðurkennir Landskrifstofa hæfni IDUNNAR til að skipuleggja og framkvæma góð náms- og þjálfunarverkefni en gerð er krafa um mikil gæði verkefna þeirra aðila sem fá vottun. Evrópusambandið gefur út lista yfir vottaðar stofnanir í þátttökulöndum Erasmus+ og kynnir þær sérstaklega. Markmiðið er að styrkja stöðu þessara stofnana í alþjóðlegu samstarfi og að kynna aðila sem hafa sýnt fram á árangursríkt starf á sviði Erasmus+ náms- og þjálfunarverkefna.



**IDAN** 10 ára  
fræðslusetur

Vatnagörðum 20  
104 Reykjavík

Sími 590 6400  
Fax 590 6401

idan@idan.is  
www.idan.is